

**Þriðjudaginn 9. ágúst 2016 kl 20:30 kom fjallskilastjórn saman til fundar á Staðarbakka.**

Mættir: Rafn Benediktsson, Heiðar Þór Gunnarsson og Valgerður Kristjánsdóttir.

Dagskrá:

Niðurlögnun fjallskila og mat á þeim. Ákveðið að fara í göngur 1. September fimmtudag og réttað verði laugardaginn 3. September. Stóðrétt hefst kl 9:00. Sauðfjárrétt strax og söfn komi til réttar.

Heimalandasmölun skuli fara fram 24. September og skilarétt sunnudaginn 25. September kl 14:00.

Rætt um viðhald á rétt. Fyrirliggjandi að það þarf að bera á hana og kaupa timbur til viðhalds.

Vinna er hafið við að byggja nýtt hesthús á Húki.

Vinna við styrkvegi verður framkvæmd í ágúst og aðstaða til að losa fé af bílum verður endurbætt við réttina.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl 24:00

Valgerður Kristjánsdóttir